



**HÁSKÓLI
ÍSLANDS**

**Viðhorf barna- og unglunga á Íslandi til ensku og
íslensku**

Aukin enskunotkun og breytt málnotkun á Íslandi

Eva Hlín Haraldsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Október 2022

DEILD FAGGREINAKENNSLU

Viðhorf barna- og unglinga á Íslandi til ensku og íslensku
Aukin enskunotkun og breytt málnotkun á Íslandi

Eva Hlín Haraldsdóttir

Lokaverkefni til B.-Ed-prófs í grunnskólakennslu með áherslu á íslensku

Leiðbeinandi: Heimir F. Viðarsson

Deild faggreinakennslu
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Október 2022

Viðhorf barna- og unglunga á Íslandi til ensku og íslensku – Aukin
enskunotkun og breytt málnotkun á Íslandi

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed-prófs
í grunnskólakennslu með áherslu á íslensku við Deild
faggreinakennslu
á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Eva Hlín Haraldsdóttir 2022

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Þessi ritgerð er skrifuð sem lokaritgerð til B.Ed-prófs við grunnskólakennslu með áherslu á íslensku. Í gegnum tíðina hafa Íslendingar barist gegn erlendum máláhrifum sem hafa haft áhrif á íslenskt mál og þjóðfélag. Vegna hnattvæðingar og tæknibyltingar hefur enskunotkun aukist gríðarlega hér á landi. Rannsóknir hafa sýnt að viðhorf Íslendinga til íslensku og ensku er almennt jákvætt. Markmið þessarar ritgerðar er að draga saman helstu rannsóknir um þær breytingar sem hafa orðið á íslensku málsambýli sökum tæknibyltingar með áherslu á aukna enskunotkun. Áhersla verður lögð á viðhorf barna- og unglunga á Íslandi til íslensku og ensku og þeim málfarslegu breytingum sem hafa orðið á tungumálinu undanfarin ár.

Notast var við meginlega rannsóknaraðferð í formi vefkönnunar. Rannsóknin leiddi í ljós að viðhorf viðmælendanna til íslensku og ensku er almennt jákvætt. Viðmælendurnir virðast flestir hafa meira gaman af enskukennslu en íslenskukennslu í skóla. Þeim finnst þó öllum mikilvægt að vernda íslenskuna og meirihlutinn telur það mikilvægt að tala viðurkennda íslensku. Drög að spurningalista sem var lagður fyrir í vefkönnuninni fylgja sem viðauki við ritgerðina.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	6
1 Inngangur	7
2 Fræðilegur kafli	9
2.1 Stafrænt málsambýli	9
2.2 Erlend máláhrif.....	12
2.3 Málarsleiðréttingar	15
2.4 Breytingar á málfari.....	18
2.5 Ólíkt málsnið	20
3 Viðhorf barna- og unglina til íslensku og ensku	23
3.1 Viðhorf til íslensku.....	23
3.2 Samantekt	25
3.3 Viðhorf til ensku	26
3.4 Samantekt	28
4 Viðhorf barna- og unglina til íslensku og ensku: Niðurstöður vefkönnunar	29
4.1 Aðferð og þátttakendur	29
4.2 Mælitæki og framkvæmd.....	29
4.3 Niðurstöður.....	30
4.3 Umræður.....	30
5 Lokaorð	35
Heimildaskrá	37
Viðauki A	41

Formáli

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér [Vísindasiðareglur Háskóla Íslands](http://www.hi.is/haskolinn/log_og_reglur) (sjá www.hi.is/haskolinn/log_og_reglur, undir Sameiginlegar reglur). Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Notkun mín á heimildum er í samræmi við 4. mgr. 54. gr. Reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag.

Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 8. september 2022

Eva Hlín Haraldsdóttir

1 Inngangur

Þjóðtunga Íslendinga er okkur afar mikilvæg og höfum við lagt mikið upp úr því að vernda og rækta tungumálið. Eins og Árni Böðvarsson (1983) fjallar um í greininni *Málrækt, bókmenntir og fjölmiðlar* er mál þjóðar nátengt menningu hennar og það er á okkar ábyrgð að varðveita það sem forfeður okkar hafa arfleitt okkur að. Við tengjum sjálfstæði okkar og sjálfsmynd að mörgu leyti við tungumálið. Við erum fámenn þjóð og erum stolt af því að hafa haldið í okkar tungumál öll þessi ár.

Til að vernda tungumálið hefur verið ráðist í málhreinsun í gegnum tíðina til að reyna að útrýma erlendum máláhrifum (Kjartan G. Ottóson, 1990). Íslendingar hafa þurft að glíma við erlend máláhrif í langan tíma. Til að byrja með voru lágbýsk og önnur máláhrif áberandi. Á síðari öldum hafa máláhrifin einkum verið dönsk, en síðustu áratugi hefur enskan verið mest áberandi (Veturliði Óskarsson, 1997).

Enskt máláreiti varð áberandi á tímum seinni heimstyrjaldarinnar og hefur aukist síðan (Elín Þórsdóttir, 2016, bls. 16-18). Ensk máláhrif hafa verið einstaklega áberandi á 21. öld sökum hnattvæðingar og tæknivæðingar (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018, bls. 11). Langflestir Íslendingar kannast við gríðarlega aukningu á enskunotkun meðal Íslendinga síðustu ár. Það er ekki óalgengt að Íslendingar noti ensku í daglegu máli, ekki síst unglingar (Helga Hilmisdóttir, 2018).

Ýmsir áhrifavaldar hafa stuðlað að aukinni enskunotkun á Íslandi. Sem dæmi má nefna Netflix og annað afþreyingarefni en einnig má nefna tölvuleiki, snjalltæki, samfélagsmiðla, fjölgun erlendra ferðamanna, fjölgun innflytjenda og fleira. Enskt máláreiti er víða og nær til yngri barna en nokkru sinni fyrr (Ólöf Björk Sigurðardóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir, 2020, bls. 5). Barátta gegn erlendum máláhrifum er því meiri en nokkurn tímann fyrr. Baráttan virðist ekki einungis vera gegn erlendum máláhrifum, heldur einnig gagnvart viðhorfi Íslendinga til íslensku og ensku. Tæknivæðingin virðist hafa breytt viðhorfi Íslendinga til tungumálanna og leitt til þess að áhugi margra Íslendinga á málvernd og málrækt hefur farið dvínandi. Þessi umræða hefur birst mikið í fjölmiðlum á undanförunum misserum. Sem dæmi má nefna frétt eftir Bergljótu Baldursdóttur (2021) þar sem hún nefnir að börn og unglingar tengja íslenskuna við skólastarf.

Tækni- og hnattvæðingin hefur gert samskipti á milli heimshluta mun auðveldari en áður fyrr og þar af leiðandi valdið mikilli aukningu á erlendum máláhrifum. Ferðamönnum sem

hingað koma hefur fjölgað mikið undanfarinn rúman áratug og notkun ensku í þjónustugeiranum og víðar hefur stóraukist. Þar af leiðandi heyrja Íslendingar ensku og önnur tungumál reglulega í rauntíma. Þar sem enska er ríkjandi tungumál í tækniheiminum hefur það leitt til þess að margir Íslendingar bera minni virðingu fyrir íslensku og virðing gagnvart ensku hefur aukist. Íslenska er ekki talin eins nothæf og mikilvæg lengur sem fær börn og unglunga til að nota ensku í stað íslensku (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2016).

Eftirfarandi rannsóknarspurningar voru lagðar til grundvallar í rannsókninni: Hver eru viðhorf barna- og unglunga til íslensku og ensku og hvaða áhrif hefur það á málnotkun þeirra? Verkefni þessu er ætlað að varpa ljósi á viðhorf barna- og unglunga á Íslandi til íslensku og ensku ásamt breytingum á íslensku máli undanfarin ár og hvort þær haldi áfram að aukast. Enn fremur verður fjallað um orsakir þessara breytinga. Í fræðilega hluta verkefnisins verða helstu kenningar og hugtök kynnt sem tilheyra málefninginu. Einnig var framkvæmd rannsókn á viðhorfi barna- og unglunga til íslensku og ensku. Greint verður frá niðurstöðum rannsóknar og í framhaldi leitast við að svara rannsóknarspurningunum. Í viðauka við ritgerðina má finna viðtalsramma sem notaður var í rannsókninni.

2 Fræðilegur kafli

2.1 Stafrænt málsambýli

Í þessum kafla verður fjallað um breytingar sem aukin tækni hefur haft á íslenskt málsamfélag. Rætt verður um rannsóknir á þessu málefni og niðurstöður þeirra. Með aukinni tækni hafa orðið samfélagslegar breytingar sem hafa haft gríðarleg áhrif á íslenskt málsamfélag. Framfarir í tækni hafa stuðlað að stafrænu málsambýli, með þessum breytingum hefur málsambýli íslensku við önnur tungumál, sérstaklega ensku, orðið nánara. Íslendingar nota snjalltæki og netið mjög reglulega. Samkvæmt rannsókn Sigríðar Sigurjónsdóttur (2015) nota 96% Íslendinga á aldrinum 16-74 ára netið daglega og snjalltækjanotkun Íslendinga þrefaldaðist á milli áráanna 2013 og 2014. Á allra síðustu árum hefur tækninni fleygt gríðarlega fram. Tæknivæðingin hefur valdið miklum breytingum í heiminum, dregið hefur úr hefðbundnum samskiptum milli fólks í rauntíma, en samskipti í gegnum snjalltæki að sama skapi aukist. Samskipti á milli heimshluta eru mun auðveldari en áður fyrr og aðgangur að afþreyingarefni er mun aðgengilegri og auðfengnari.

Breytt málumhverfi er ein helsta áskorun tungumála. Nú til dags er mikið um breytt málumhverfi barna í kjölfar breyttra samfélagsaðstæðna og tækniframfara. Enska er mjög áberandi í málumhverfi barna. Hún hefur fengið aukið vægi sem samskiptamál, ekki einungis á Íslandi heldur víða um heim og hefur tekið yfir umdæmi hins stafræna heims (Ólöf Björk Sigurðardóttir, 2020, bls. 16).

Snjalltækjanotkun, sjónvarpsáhorf o.fl. getur haft verulega neikvæð áhrif á börn á máltökuskeiði. Það getur leitt til þess að börn heyri minni íslensku talaða sem getur haft neikvæð áhrif á íslenskt málkerfi (Eiríkur Rögnvaldsson, 2016). Bóklestur á íslensku er ein mikilvægasta aðferðin til að efla kunnáttu barna í íslensku. En með aukinni tækni hefur töluvert dregið úr bóklestri fólks (Sarangi, 2015). Börn á máltökuskeiði eru sérstaklega viðkvæm fyrir breytingum í ílaginu (*e. input*) eins og nánar verður fjallað um hér á eftir.

Þar sem enska er ríkjandi mál í stafrænum miðlum fer mikið af því stafræna ílagi (*e. digital input*) fram á ensku. Tæknin eykst sífellt og hefur aukist töluvert undanfarin ár, til dæmis koma stöðugt fleiri snjalltæki til sögunnar, notkun stafrænna aðstoðarmanna eykst og annað sem verður að stærri hluta í hversdagslegu lífi manna. Því meira sem tækni eykst, því meira eykst stafrænt málsambýli (*e. digital language contact*) á Íslandi. Tungumál sem ekki

halda í við þessar stafrænu breytingar verða ekki gjaldgeng í hinum stafræna heimi og eiga á hættu að missa stór umdæmi málsins til ensku. Þar með veikist staða tungumálsins.

Viðhorf málhafa hafa mikið um framtíð tungumálsins að segja, hvort tungumál lifa af náíð sambýli við annað mál og hver staða þeirra verður innan málsambýlisins og í framtíðinni (Ólöf Björk Sigurðardóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir, 2020, bls. 2-3). Farið verður nánar út í þetta málefni í 3. kafla um viðhorf.

Birna Arnbjörnsdóttir (2011) gerði rannsókn á sjónvarpsáhorfi Íslendinga sem leiddi í ljós að Íslendingar eyddu um 2,5 klukkustundum í sjónvarpsáhorf daglega. Meirihluti þess sem horft var á, var á ensku. Um 27,4% af þessu sjónvarpsáhorfi voru á íslensku. Samkvæmt niðurstöðum úr þessari rannsókn má ætla að Íslendingar verði fyrir töluvert meira enskuáreiti en íslenskuáreiti í gegnum sjónvarpsefni. Rannsóknir hafa sýnt fram á að sjónvarpsáhorf hafi neikvæð áhrif á orðaforðann. Nýlegar rannsóknir sýna að það skiptir meira máli að börn taki virkan þátt í samskiptum en að þau verði fyrir máláreiti. Niðurstöður þeirra rannsókna sem Iris Edda Nowenstein, Dagbjört Guðmundsdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir (2018) fjalla um í grein sinni sýna fram á að tækni og málþroski fari ekki vel saman, en þátttaka barnanna í samskiptum skiptir meira máli. Þar sem stafrænt máláreiti er yfirleitt á ensku, er viðbúið að það hafi neikvæð áhrif á íslenskukunnáttu barna. Sem dæmi má nefna spila töluvert fleiri börn og unglingar tölvuleiki á ensku en íslensku.

Tæknin hefur slæm áhrif á íslenskan orðaforða, en getur hún komið að gagni til að tileinka sér annað tungumál? Rannsóknir hafa sýnt að tækni hjálpi við að læra ný tungumál en það skili meiri árangri að eiga samskipti við aðra í gegnum tækni en sjónvarpsáhorf (Iris Edda Nowenstein, Dagbjört Guðmundsdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir, 2018). Þrátt fyrir að samskipti skili meiri árangri, getur sjónvarpsáhorf einnig hjálpað við að læra ný tungumál. Sjónvarpsefni með texta skilar meiri árangri en sjónvarpsefni án texta (Iris Edda Nowenstein, Dagbjört Guðmundsdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir, 2018) og margar rannsóknir hafa sýnt að börn geta bætt tungumálakunnáttu sína í gegnum tækni (Ílter, 2015). Snjalltækjaþróunin gerir það að verkum að börn nú til dags eiga margt sameiginlegt með tvítyngdum börnum. Í flestum tilfellum tileinka tvítyngd börn sér orðaforða hægar en eintyngd börn (Íris Edda Nowenstein, Dagbjört Guðmundsdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir, 2018).

Rannsóknir hafa bent til að notkun á og aðgengi barna að snjalltækjum sé mikil og að vænta megi að sú breyting komi til með að hafa áhrif á máltileinkun barnanna. Samkvæmt netkönnun sem Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson (2018:6) framkvæmdu í

rannsókninni *Stafrænt sambyli íslensku og ensku* um aðgengi barna að snjallsímum og/eða spjaldtölvum hafa 80% barna á aldrinum 3–5 ára aðgang að snjalltæki og 84% 6–7 ára barna. Meirihluti barna á aldrinum 8–9 ára og 10–12 ára (98–99%) hafa aðgang að snjalltæki.

Í grein Sigríðar Sigurjónsdóttur (2016) er fjallað um SAFT könnun sem var gerð árið 2013 á tölvu- og netnotkun barna og unglunga. Niðurstöðurnar voru að 2% íslenskra barna á aldrinum 0-2 ára nota netið, 12% barna á aldrinum 3-4 ára og 62% barna á aldrinum 5-8 ára. Rannsóknin sýndi einnig að netnotkun barna jókst milli ára. Þessar tölur virðast fara hækkandi. Niðurstöður úr rannsókn frá árinu 2017 um miðlanotkun 0-8 ára gamalla íslenskra barna sýna að rúmlega helmingur barna á aldrinum 0-1 árs hefur aðgang að spjaldtölvu og um 5% barna á sama aldri notar Internetið daglega (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2016). Dagleg netnotkun eykst með aldrinum og fer upp í 41% hjá átta ára gömlum börnum. Niðurstöðurnar sýna að með árunum byrja börn að nota netið á yngri árum sem getur leitt til mikilla breytinga í íslenskunni.

Börn eru móttækilegust fyrir tungumálum fyrstu níu árin og ef börn á þessum aldri verða fyrir miklu enskuáreiti í gegnum net- og tölvuleikjanotkun er líklegt að það hafi mikil áhrif á íslenskuna (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2016). Þessar breytingar geta leitt til þess að börn á Íslandi verði tvítyngd, eða jafnvel hálftyngd þar sem börn ná ekki að byggja upp nægilega sterkt málkerfi á ýmist öðru málinu eða báðum. Breytingarnar geta einnig leitt til þess að ensk orð og slettur aukast, beygingar minnka og setningagerð og framburður getur breyst. Íslenskan getur þar af leiðandi farið að líkjast ensku, ásamt því að missa ýmis notkunarsvið yfir til enskunnar (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2016).

Ljóst er að enskt máláreiti eykst með snjalltækjavæðingunni, en það er aftur á móti ekki eina ástæðan fyrir því að aukin tækni hefur slæm áhrif á málþroska barna. Aukin tækni hefur dregið verulega úr mállegum samskiptum barna og fullorðinna (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2016). Samskipti eru virkilega mikilvæg fyrir máltöku barna. Þar af leiðandi getur snjalltækjavæðingin hindrað málþroska barna. Börn á máltökuskeiði þróa móðurmálið í samskiptum við foreldra og aðra sem þau eiga í samskiptum við. Börn þurfa að skiptast á orðum og mynda félagsleg tengsl við aðra til að mynda sér mál. Tæknivæðingin getur haft verulega neikvæð áhrif á máltöku barna ef hún kemur í veg fyrir samskipti barna við foreldra og aðra. Börnin fá ekki það máláreiti og málörvun sem þau þurfa á að halda. Mikil snjalltækjanotkun fækkar samverustundum enda fer fólk almennt sjaldnar í heimsókn en

áður fyrr. Það er algeng sjón að fólk fari út að borða saman og eyði verulegum tíma í snjalltækjum í staðinn fyrir að spjalla saman (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2016).

Vegna tækniframfara síðustu ára óttast margir að enskan taki endanlega yfir á Íslandi. Talsverð umfjöllun hefur einmitt verið um neikvæð áhrif enskunnar á íslensku en lítið hefur verið fjallað um möguleg jákvæð áhrif. Tækniframfarir bjóða upp á ýmis tækifæri. Spurningar hafa vaknað um áhrif hennar á máltöku og málþroska. Við getum ekki alhæft hvort áhrif tækninnar og enskunnar á íslensku séu almennt jákvæð eða neikvæð. Eflaust eru áhrifin bæði jákvæð og neikvæð, en þar sem umræðan snýst iðulega um neikvæðu áhrifin er áhugavert að skoða hver jákvæðu áhrifin geta verið.

Íris Edda Nowenstein, Dagbjört Guðmundsdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir (2018) ræða um mögulega kosti aukinnar enskunotkunar og tækniframfara á Íslandi samkvæmt rannsóknum. Þær fjalla um rannsóknir sem hafa verið gerðar á máláreiti ensku og íslensku í íslensku málsamfélagi með áherslu á tengsl tækni, málþroska og málanáms. Rannsóknirnar snúast aðallega um stafrænt ílag (e. *digital input/electronic media exposure*) sem þýðir mállegt áreiti frá samfélagsmiðlum, sjónvörpum, tölvum, snjalltækjum og fleira. Þær komust að þeirri niðurstöðu að tækniframfarir hafa ýmsa kosti eins og til dæmis eru samskipti auðveldari, það er auðveldara að afla sér upplýsinga og þær bjóða upp á meiri afþreyingu. Ýmislegt bendir einnig til þess að notkun snjalltækja örvi sköpunargáfu og ímyndunarafli barna. En áhrifin á íslenskt tungumál eru að mestu leyti neikvæð. Hins vegar getur aukin enskunotkun í gegnum tækni eflt málþroska barna. Fjallað verður nánar um það í næsta kafla.

2.2 Erlend máláhrif

Í þessum kafla verður fjallað um erlend máláhrif á Íslandi með áherslu á ensk máláhrif og aukna enskunotkun. Erlend máláhrif hafa lengi verið lýði á Íslandi. Breytingar og nýjungar á 20. öldinni hafa þó verið sérstaklega áberandi. Tengsl við útlönd urðu meiri en nokkru sinni fyrr, erlent vinnuafl settist að hér, auk þess sem erlendir ferðamenn leggja í auknum mæli leið sína hingað til lands.

Íslendingar fóru einnig að ferðast meira til útlanda vegna náms og í öðrum erindum. Tungumálakunnátta Íslendinga jókst mikið þar sem þeir fóru að starfa og læra erlendis. Lengi var danska algengasta erlenda tungumálið á Íslandi og flestir útlendingar sem settust að á

Íslandi voru frá Danmörku. Þar af leiðandi koma mörg tökuorð í íslensku máli úr dönsku (Ásta Svavarsdóttir og Veturliði Óskarsson, 2009).

Breskir sjómenn komu til Íslands á fimmtánda öld til veiða. Á þeim tíma voru virk samskipti milli Bretlands og Íslands. Samskiptin voru það mikil að við kölluðum þennan tíma „ensku öldina“ á Íslandi (Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir, 1990, bls. 3). Það má segja að ensk máláhrif hafi byrjað á tímum seinni heimstyrjaldarinnar. Þrátt fyrir að herinn sé löngu farinn, hafa þessi ensku máláhrif aukist síðan vegna hnattvæðingar og tækniframfara.

Hernámið á Íslandi árið 1940 olli erlendum máláhrifum (Ari Páll Kristinsson, 2012, bls. 476) enda urðu miklar breytingar urðu á íslensku samfélagi á þessum tíma. Íslendingar fóru margir að vinna hjá hernum og kynntust breskri og bandarískri menningu og tungu. Þrátt fyrir mörg góð tækifæri sem herinn bauð upp á, höfðu margir Íslendingar áhyggjur af þeim áhrifum sem samskipti við Breta og Bandaríkjamenn gætu haft. Sjónvarpsútsendingar bandaríska hersins var mikið áhyggjuefni sem leiddi til þess að Íslendingar kröfðust þess að stofnuð yrði sjónvarpstöð á íslensku (Árni Einarsson, 1966).

Eins og nefnt var hér fyrir ofan hefur enska náð aukinni útbreiðslu og yfirráðum á ýmsum sviðum í kjölfar tæknibyltingar. Margir telja að ein helsta ástæða þess að enska hefur hlotið hlutverk alþjóðamáls í nútímasamfélagi sé aukin tækni (Birna Arnbjörnsdóttir, 2011). Enska er mest notaða tungumálið á ýmsum sviðum og fer sífellt vaxandi (Elín Þórsdóttir, 2018, bls. 8). Enska er ekki einungis ráðandi þegar kemur að tækni og stafrænum miðlum, heldur er enska mest áberandi í alþjóðlegum samskiptum og mennta- og fræðasamfélagsins.

Rannsóknir eftir Judit Kormos og Kata Csizér (2008) leiddu í ljós að félagsleg staða ensku hefur einnig tekið miklum breytingum í kjölfar aukinnar tækni. Áður fyrr var algengt að fólk hafði áhuga á að læra ensku til að geta átt samskipti við fólk með ensku að móðurmáli, sem var kallað menningarlegur hvati (e. *cultural motivation*). Rannsókn Kormos og Csizér sýnir fram á að þetta hefur breyst. Áhugi á ensku er ekki sá sami. Þar sem enska hefur hlotið hlutverk alþjóðamáls hefur fólk ekki einungis áhuga á að bæta enskukunnáttu sína til að tala við fólk með ensku að móðurmáli, heldur er áhuginn einnig á því að geta átt samskipti við aðra sem tala ensku sem annað mál. Hvatinn til að kunna ensku er því ekki lengur til að samsama sig tilteknum hópi (enskum móðurmálshöfum) heldur vilji og þörf til að geta átt í samskiptum við ýmsa ólíka hópa á alþjóðlegum vettvangi. Áhugi á alþjóðlegum málefnum telst helsti hvatinn til að kunna ensku í dag. Margir hafa áhuga á að búa og starfa erlendis og vilja kynnast fólki af ólíkum uppruna og menningu.

Rannsókn Sigríðar Sigurjónsdóttur og Eiríks Rögnvaldssonar (2018, bls. 11) um *Stafrænt sambýli íslensku og ensku* sýnir fram á að 16% barna á aldrinum 3–5 ára tala ensku á hverjum degi, eða bera sig til við það. Rannsóknin var gerð á aldurshópnum 3-5 ára, 6-7 ára, 8-9 ára og 10-12 ára. Hlutfall barna sem talar eða reynir að tala ensku er svipað hjá öllum aldurshópnum (eykst örlítið) — 20% hjá 6–7 ára börnum, 21% hjá 8–9 ára börnum, og 22% hjá 10–12 ára börnum. Í ljós kom að rúmlega helmingur barna, eða 51% í yngsta aldurshópnum, 64% í 6–7 ára aldurshópnum, 53% í 8–9 ára aldurshópnum og 66% í 10–12 ára aldurshópnum, talar ensku nokkrum sinnum í viku eða daglega. Hafa má í huga að tvítyngd börn tóku einnig þátt í rannsókninni, en niðurstöðurnar sýna samt sem áður að eðlilegt sé að tala ensku í málumhverfi íslenskra barna.

Börn sem alast upp við tvö tungumál geta verið tvítyngd þrátt fyrir að báðir foreldrar barnanna séu með sama móðurmál. Það er þó talinn kostur að hafa færni í tveimur eða fleiri tungumálum. Tungumálakunnátta getur verið gagnleg og hentug þar sem mikið er um ferðamenn á Íslandi og Íslendingar ferðast almennt mikið. Einnig sýna rannsóknir að tvítyngi hefur jákvæð áhrif á vitsmunaproska fólks og veitir fólki innsýn í tvo menningarheima (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2016). Tvítyngi getur verið jákvætt að mörgu leyti, en fyrir lítil málsamfélög með fáa málhafa eins og íslenskt málsamfélag getur það haft slæm áhrif á tungumálið. Viðhorf til beggja tungumálanna skiptir þó miklu máli. Eins og Sigríður Sigurjónsdóttir (2016) fjallar um minnkar virðing fyrir íslensku þegar almenningur er farinn að hafa jákvæðara viðhorf til ensku en íslensku, þar sem hún er þá ekki eins nothæf. Það er því mikilvægt að börn fái fullnægjandi máláreiði til að byggja upp traust málkerfi.

Rannsóknir Sigríðar Sigurjónsdóttur (2016) hafa sýnt að börn ná móðurmálsfærni í tveimur tungumálum ef þau fá jafn mikla málörvun úr báðum tungumálum. Magn máláreitiss og málfærni tvítyngdra barna hefur þó mikil áhrif á kunnáttu barna í móðurmálinu. Rannsóknir hafa sýnt að börn virðast þurfa meira en 60% móðurmálsáreiði til að tvítyngd börn standi jafnfætis eintyngdum jafnöldrum þegar kemur að orðaferða, málskilningi og málbeitingu. Eins og nefnt var hér að ofan er viðhorf barnanna til tungumálsins mikilvægt. Sé viðhorf barna til móðurmálsins jákvætt er mjög líklegt að þau nái sömu færni í móðurmáli þó að móðurmálsáreiðið sé ekki meira en 60%.

Rannsóknir sem Guðrún Kvaran (2004) fjallar um sýna fram á að áður fyrr var íslenska ekki talin vera í hættu, en snjalltækjavæðingin undanfarin ár hefur þó valdið breytingum á stöðu íslenskunnar. Því miður bendir ýmislegt til þess að staða íslensku sé verri en áður. Ef

Íslendingar vilja passa upp á íslenskuna og styrkja stöðu hennar er nauðsynlegt að huga að máláreiti barna á máltökuskeiði. Regluleg og innihaldsrík samskipti á móðurmáli eru nauðsynleg fyrir börn og unglunga, sérstaklega á fyrstu árunum þegar þau eru móttækilegust fyrir tungumálum. Tungumálið mótast á fyrstu árunum og þau fá tilfinningu fyrir málinu sem þroskast með aldrinum. Það er því mjög mikilvægt að reyna koma í veg fyrir að snjalltækjavæðingin dragi úr íslenskuáreiti í málumhverfi barna.

Birna Arnbjörnsdóttir (2011) gerði rannsókn á enskunotkun Íslendinga frá sjónarhorni viðmælendanna. Viðmælendurnir sem tóku þátt í rannsókninni voru beðnir um að greina frá enskunotkun sinni og rannsóknin er því byggð á viðhorfi þeirra til enskunotkunar sinnar. Viðmælendurnir voru spurðir hversu oft þeir heyra ensku. 86% svöruðu daglega og 65% af þeim heyra ensku í meira en klukkutíma á hverjum degi. 14% viðmælendanna sögðust heyra ensku sjaldnar en daglega. Næst voru viðmælendurnir spurðir hversu oft þeir lesa ensku. 43% þeirra sögðu daglega. Svo voru þeir spurðir hversu oft þeir tala ensku. Aðeins 19% sögðu daglega. Niðurstöður Birnu benda á að Íslendingar heyra mikið af ensku daglega. Hinsvegar virðast þeir ekki tala eða skrifa ensku eins mikið.

Breytingarnar sem geta orðið á íslenskunni og hafa orðið síðustu ár sökum enskuáreitis og þá sérstaklega á máltökuskeiði eru breytingar á orðaforða, framburði, beygingum, setningagerð og að Íslendingar noti ensku meira í daglegu máli. Sigríður Sigurjónsdóttir (2016) fjallar um dæmi af nokkrum atriðum sem virðast geta verið til marks um áhrif ensku á orðaforða og setningagerð, sem dæmi má nefna er algengt hjá ungu fólki að segja „sorry“ í staðinn fyrir „afsakið“, eða nota setningar eins og: „Ég er basically tilbúinn“. Íslenskan getur líkst ensku meira í orðaforða og gerð. Viðhorf til enskunnar skiptir einnig miklu máli. Nánar verður farið út í það hér fyrir neðan, en jákvætt viðhorf til enskunnar getur leitt til þess að börn, unglunga og fullorðnir kjósi fremur að nota ensku en íslensku. Það má segja að þessar breytingar hafa nú þegar átt sér stað að einhverju leyti.

2.3 Málarsleiðréttingar

Í þessum kafla verður fjallað um málarsleiðréttingar. Fjallað verður um rannsókn eftir Hönnu Óladóttur (2017) þar sem hún tók viðtöl við unglunga um málarsleiðréttingar. Einnig verður fjallað um mögulega kosti og galla sem fylgja málarsleiðréttingum.

Málarsleiðréttingar tengjast viðhorfi til tungumálsins að mörgu leyti. Einstaklingar sem hafa jákvætt viðhorf til móðurmálsins eru líklegri til að leiðrétta aðra en einstaklingar

sem hafa neikvætt viðhorf til móðurmálsins. Fólki sem er annt um móðurmálið þykir mikilvægt að almenningur tali og skrifi viðurkennt mál. Það getur þó verið vafasamt að leiðréttta aðra of mikið, þar sem það getur leitt til málótta og/eða leiðréttingarnar falli í grýttan jarðveg og leiði jafnvel til þess að viðhorf til málsins verði neikvæðari. Það þýðir þó ekki að málfarsleiðréttingar séu slæmar að öllu leyti, en gott er að fara varlega í þær. Eiríkur Rögnvaldsson (2020d) fjallar um þetta í greininni *Förum varlega í leiðréttingar*. Hann segir: „íslensk málrækt felst í því að hneykslast ekki á málnotkun annarra eða vera sífellt að leiðréttta fólk og gera athugasemdir við málfar þess“ (Eiríkur Rögnvaldsson, 2020d). Fólk getur átt erfitt með að tjá sig skriflega vegna þess að þau óttast gagnrýni frá öðrum. Of mikið af málfarsleiðréttingum geta valdið óöryggi málnotandans gagnvart eigin móðurmáli þar sem málnotandinn verður of meðvitaður um að tala viðurkennt mál. Þetta á við um fullorðið fólk sem komið er af máltökuskeiði og á íslensku að móðurmáli. Börn á máltökuskeiði eru enn að læra tungumálið og þar af leiðandi er kostur að leiðréttta villur í málfari þeirra á jákvæðan hátt (Eiríkur Rögnvaldsson, 2020d).

Ýmsar skoðanir eru á málfarsleiðréttingum, margir telja það nauðsynlegt að leiðréttta aðra svo þau læri af því. Öðrum finnst málfarsleiðréttingar alls ekki nauðsynlegar og telja þær jafnvel niðrandi. Algengasta ástæðan fyrir því að fólk leiðréttir hvort annað er til að kenna öðrum viðurkennt eða rétt mál. Börnum þykir eðlilegt að vera leiðrétt þar sem þau venjast því frá unga aldri. Eins og bent hefur verið á byrja börn sjálf að leiðréttta þegar þau eru komin á unglingsár, bæði eigið mál og annarra (Hanna Óladóttir, 2017, bls. 210).

Hér verður fyrst og fremst skoðað hvort börn og unglingar leiðrétti hvort annað og hvaða skoðanir þeir hafa á þeim. Leiðréttingar eru algengar hjá kennurum, foreldrum, ömmum og öfum, eldri systkinum og þess háttar. Hanna Óladóttir (2017, bls. 210-211) gerði rannsókn á þessu málefni, þar sem hún tók viðtöl við sex nemendur um leiðréttingar. Niðurstaða Hönnu sýnir að leiðréttingar eru áberandi hjá nemendum, þeir eru margir vanir því að leiðréttta aðra og að vera leiðréttir sjálfir. Niðurstöðurnar sýna einnig að það hafa myndast ákveðin mynstur þar sem margir nemendur hafa sameiginlegar skoðanir og upplifun á leiðréttingum. Fyrsta spurningin í rannsókninni var hvort þeir séu einhvern tímann leiðréttir og svöruðu fimm af sex spurningunni játandi. Sá nemandi sem svaraði spurningunni neitandi sagðist tala svo vitlaust að hann kynni ekki við að leiðréttta aðra.

Fjórir af sex nemendum töluðu um mikilvægi þess að vera leiðréttir og kunna vel að meta það vegna þess að þeir læri af því. Nemendunum sex finnst öllum mikilvægt að tala

viðurkennda íslensku og margir þeirra töluðu um að það fari virkilega í taugarnar á þeim þegar aðrir nota óviðurkennt mál. Tveir nemendur nefna að þeir leiðrétti tilbrigði í máli annarra sem hafa verið leiðrétt hjá þeim sjálfum. Þessir nemendur lærðu sem sagt af því að hafa verið leiðréttir af öðrum og þar af leiðandi leiðréttu þeir aðra fyrir sömu atriði. Annar nemandi viðurkennir að hann eigi það til að leiðréttu aðra, en að sama skapi þarf hann oft á tíðum að leiðréttu sjálfan sig fyrir sömu atriði (Hanna Óladóttir, 2017, bls. 211-212).

Þrátt fyrir að nemendurnir séu hlyntir leiðréttingum tala þeir einnig um að það geti verið pirrandi. Einn nemandi nefnir til dæmis að honum finnist þreytandi að gripið sé fram úr honum á meðan hann er í miðju gríni til að leiðréttu málfar hans. Þrír nemendur nefna að þeir viti að þeir geti farið í taugarnar á öðrum þegar þeir leiðréttu þá. Þeir nefna að þeir eigi það til að leiðréttu sömu vini sína oft og jafnvel um sömu atriðin. Vinir þeirra hafa kvartað yfir því að þeim finnist það þreytandi. Allir nemendurnir sögðust stundum hafa gaman af því að vera pirrandi með því að leiðréttu aðra, þá sérstaklega ef þeir eru að leiðréttu einhvern sem þeim líkar illa við eða einhvern sem leiðréttir þá mjög oft.

Nemendurnir voru svo spurðir hvort þeir leiðrétti einhvern tímann ókunnugt fólk. Helmingur nemendanna sögðust aldrei leiðréttu einhvern sem þeir þekkja ekki. Nemendurnir túlka það sem dónaskap eða vanvirðingu að leiðréttu ókunnugt fólk. Málfarsleiðréttingar senda ákveðin skilaboð, okkur þykir það eðlilegt að eldri kynslóð leiðrétti þá yngri, en okkur þykir það ekki eðlilegt að yngri kynslóð leiðrétti eldri kynslóð. Það sama gildir um einstaklinga sem þekkjast ekki. Sá aðili sem leiðréttir ókunnugan einstakling er að einhverju leyti að stimpla sig sem æðri en einstaklinginn sem er leiðréttur. Þetta getur farið fyrir brjóstið á fólki og jafnvel túlkað sem dónaskapur. Eins og Hanna Óladóttir (2017, bls. 213) bendir á er þar af leiðandi ekki eins algengt að ókunnugt fólk leiðrétti hvort annað eins og fólk sem þekkest vel.

Í rannsókn Hönnu Óladóttur (2017, bls. 214) töluðu þrír nemendur þó um að þeir hafi einhvern tímann leiðrétt foreldri eða eldra systkini. Þeim fannst það virkilega skemmtilegt en töldu þó að ekki hafi verið tekið mark á þeim. Ein stúlka sem er af erlendum uppruna og hefur íslensku ekki sem móðurmál nefnir að besta vinkona hennar leiðrétti hana oft og hafi gaman af því. Samkvæmt stúlkunni talar vinkona hennar um að hún sé æðri en hún vegna þess að hún leiðrétti hana svo oft. Stúlkann var svo spurð hvort hún taki aldrei eftir villum í málfari vinkonu hennar og hún svarar því játandi en viðurkennir að hún hafi aldrei leiðrétt hana vegna þess að hún vilji ekki særa hana. Það er eftirtektarvert að sjá hversu margir nemendur í rannsókninni leiðréttu aðra.

2.4 Breytingar á málfari

Í köflunum hér að ofan var farið yfir aukna enskunotkun og stafrænt málsambýli. Í þessum kafla verður fjallað um málfarsbreytingar sem hafa orðið á íslenskunni undanfarin ár. Stafrænt málsambýli hefur ekki einungis haft áhrif á aukna enskunotkun, heldur hafa aðrar breytingar á íslenskunni orðið á þeim árum sem tæknin hefur aukist. Eitt mögulegt dæmi um breytingu af þessum toga er notkun viðtengingarháttar í íslensku. Notkun viðtengingarháttar hefur breyst mikið síðustu áratugi. Hátturinn er til að mynda horfinn úr öðrum norrænum málum ásamt nokkrum germönskum málum (Guðrún Þórðardóttir, 2006, bls. 57). Aftur á móti lítur ekki út fyrir að notkun viðtengingarháttar sé að hverfa í íslensku heldur hefur notkun hans breyst. Hann hefur verið notaður á annan hátt en hann gerði áður fyrr og að ýmsu leyti hefur hann aukist. Það virðist sem að viðtengingarhátturinn sé oft notaður í stað framsöguháttar. Þetta getur þó einnig verið gagnstætt, að fólk noti framsöguhátt í stað viðtengingarháttar (Guðrún Þórðardóttir, 2006, bls. 57).

Dæmi um notkun viðtengingarháttar þegar hann ætti ekki að vera notaður samkvæmt viðurkenndu máli er þegar beygingarmyndin sé er notuð í staðinn fyrir *er*. Samkvæmt föstum reglum um viðtengingarhátt á ekki að nota hann í *ef*-setningum í nútíð (Guðrún Þórðardóttir, 2006, bls. 60):

- (0.1) a. Ef þú **sért** pirraður þá færðu útrás hérna.
b. Á ég að kaupa eitthvað annað ef það **sé** ekki til?
c. Það eru til lausnir á öllu ef vilji **sé** fyrir hendi.

Dæmi um þegar viðtengingarháttur er notaður þar sem framsöguháttur var notaður áður (Guðrún Þórðardóttir, 2012, bls. 6):

- (0.2) a. Ég er **viss um** að lífsgæði mín **aukist**.
b. Ég **veit ekki** hvort ég **eigi** að kalla þetta heppni.

Einnig eru dæmi um að framsöguháttur sé notaður þar sem viðtengingarháttur var yfirleitt notaður áður (Guðrún Þórðardóttir, 2012, bls. 6):

- (0.3) a. **Þó að** vinir mínir **drekka** og **reykja**, þá geri ég það ekki.
b. Hann er snillingur **þótt** hann **er** ekki alveg búinn að ákveða sig.
c. Ég **held að** ég **er** búin að skrifa um allt sem gerðist þessa viku.

Þetta eru örfá dæmi af mörgum um breytingar á notkun viðtengingarháttar undanfarin ár. Líkur eru á því að að auki notkun ensku og minna ílag í íslensku hraði breytingum af þessu tagi. Viðtengingarháttur kemur ekki fram í sagnbeygingu í ensku sem getur haft bein eða óbein áhrif á íslenska málnotkun.

Íslendingar hafa lengi barist gegn svokallaðri *þágufallshneigð* eða *þágufallsýki* og það má segja að það sé þekktasta dæmið um tilbrigði í íslenskri setningagerð. Þágufallshneigð er þegar fallorð með sögnum sem áður voru í þolfalli eða nefnifalli eru notuð í þágufalli. Algengustu sagnirnar eru *langa*, *hlakka*, *vanta*, *kvíða*, *dreyma* og fleiri (Höskuldur Þráinsson o.fl., 2013a).

Í nútímamáli er algengasta dæmið um þágufallshneigð þegar fólk notar þágufall í stað eldra þolfalls (eða nefnifalls) á frumlagi (Höskuldur Þráinsson o.fl., 2013a, bls. 91):

- (0.4) a. „**Honum** hlakkar til“ í stað „**Hann** hlakkar til“
b. „**Mér** vantar“ í stað „**Mig** vantar“

Höskuldur Þráinsson o.fl. (2013a, bls. 91) framkvæmdi könnun þar sem þátttakendur voru beðnir um að meta setningar með þágufallsfrumlagi. Niðurstöðurnar úr könnuninni sýndu að setningarnar fengu jákvæðari dóma hjá yngstu aldurshópunum. Fjölmargar rannsóknir sýna að þágufallshneigð er algengari meðal yngra fólks en eldra, hún nær sífellt til fleiri málnotenda og fer sífellt vaxandi (Eiríkur Rögnvaldsson, 2022) og (Höskuldur Þráinsson o.fl., 2013a). Rannsóknir hafa einnig sýnt að hið sama gildir um ensku- og snjalltækjanotkun, hún er algengari meðal yngra fólks en eldra og fer sífellt vaxandi (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2016). Aukin erlend máláhrif á kostnað íslensku gætu orðið til þess að útbreiðsla þágufallshneigðnar aukist enn hraðar. Eins og bent var á hér fyrir ofan er viðtengingarháttur ekki til í ensku sem getur haft áhrif á íslenska málnotkun. Hið sama á segja um þolfall og þágufall, þau birtast ekki í ensku af þessu og tagi og því gætum við átt von á því að fólk segði „ég *dreymi*“, „ég *langa*“ o.s.frv. eins og í ensku. Slík dæmi um nefnifallshneigð eru ekki algeng í íslensku en það þekktist og það mun mögulega aukast í framtíðinni.

Margir telja þágufallshneigð og önnur máltilbrigði vera „rangt mál“, en skilgreiningin á „réttu máli“ er það sem samræmist málvenju (Höskuldur Þráinsson, 2021, bls. 130).

Málvenja er þegar nógu margir af þeim sem hafa tungumálið að móðurmáli nota eitthvert orð, orðasamband, merkingu, beygingu eða framburð á þann hátt að málumhverfi þess samþykki notkunina (Eiríkur Rögnvaldsson, 2021). Þágufallshneigð er orðin svo algeng að hún er í samræmi við málvenju mikils fjölda Íslendinga (Eiríkur Rögnvaldsson, 2020c).

2.5 Ólíkt málsnið

Á það hefur verið bent að enskunotkun og enskuslettur hafa aukist á Íslandi og að tungumálið breytist með tímanum. Einnig högum við máli okkar á mismunandi vegu eftir aðstæðum. Þetta er kallað *málsnið*, þegar við notum mismunandi orðaval, setningagerð, talhraða o.fl. eftir því sem við teljum viðeigandi hverju sinni (Ari Páll Kristinsson, 2021).

Í þessum kafla munum við fjalla um málsniðsbreytingar. Málið okkar er misformlegt eftir aðstæðum, mörg börn og unglingar tala til að mynda formlegra þegar þau tala við ömmu sína og afa en jafnaldra. Algengt er að fólk tali öðruvísi í daglegu máli en á til dæmis fundum, atvinnuviðtölum, í tölvupóstum og fleira. Við höfum því hæfni til að nota misformlegt mál. Börn læra þessa hæfni ómeðvitað frá unga aldri (Hanna Óladóttir, 2017, bls. 195).

Dæmigert ritmál er yfirleitt formlegra en dæmigert talmál. Það getur þó verið gagnstætt. Munur á málsniðum felst einkum í ólíku orðavali og setningaskipan. Því formlegri sem aðstæðurnar eru hækka kröfurnar um viðurkennt mál. Við formlegar aðstæður er ætlast til þess að við notum viðurkenndar beygingar og slettulaust mál. Það eru þó engar lögbundnar reglur um ólík eða misformleg málsnið, heldur er það persónubundið hvernig málsnið einstaklingar nota við mismunandi aðstæður (Hanna Óladóttir, 2017, bls. 195).

Málsnið er persónubundið, en nátengt málsniðinu er svokallaður *íslenskur málstaðall*, sem er viðmið Íslendinga um viðeigandi málsnið og viðurkennt mál (Ari Páll Kristinsson, 2017). Skólakerfið kennir ákveðnar reglur um viðeigandi málsnið og viðurkennt mál, þessar reglur breytast þegar málstaðallinn breytist. Það sem við lærum í skóla hefur mikil áhrif á hvernig við hugsum um tungumálið. Það mætti segja að skólakerfið sé að þjálfva nemendur í viðurkenndu máli sem býr þá undir formlegar aðstæður. Í Aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 104) kemur fram í kaflanum um hæfniviðmið við lok 10. bekkjar í málfræði að „*nemandi geti gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og*

málsniði eftir efni og tilefni“. Það er þó yfirleitt ekki talað um málstaðal á Íslandi, algengara er að talað sé um rétt eða viðurkennt mál (Hanna Óladóttir, 2017, bls. 196).

Hanna Óladóttir (2017, bls. 202-203) ræðir við 15 hópa af nemendum um mismunandi málsnið. Allir nemendurnir viðurkenna að þeir tali ekki alltaf eins. Langflestir nefna að þeir tali öðruvísi við yngri kynslóðirnar en þær eldri. Þeir tala öðruvísi við ömmu og afa en vini sína. Það hefur einnig áhrif á mál nemendanna hvernig málsnið einstaklingsins sem þeir tala við er. Í einum hóp nefndu nemendur að amma og afi kunni ekki að tala unglingamál en foreldrar þeirra geri það stundum. Aðrir hópar töluðu um að fullorðnir tali ekki sama tungumál og unglingar. Margir nefndu að mikilvægt sé að tala formlega við kennara og ókunnuga. Meirihluti talar um að þeir vandi sig ekki þegar þeir tala við vini og foreldra.

Meirihluti viðmælenda í rannsókn Hönnu Óladóttur (2017, bls. 203-205) talaði um mikilvægi þess að tala og beygja rétt. Þar sem elsta kynslóðin heyrir oft illa töluðu nemendurnir um að nauðsynlegt sé að tala skýrt og hægt við þau. Þeim fannst mikilvægt að sýna elstu kynslóðinni kurteisi. Einn nemandi talar um að mega alls ekki segja „bæ“ við afa sinn, hann verði að segja vertu „blessaður“ eða „bless“. Einnig tala þau um að amma og afi skilji ekki slangur, slettur og kaldhæðni. Nokkrir tala um að þau noti orðið „ógeðslega“ mjög mikið og að eldri kynslóðin sé alls ekki hrifin af því orði, þau telji það ósmekklegt. Ljóst er að nemendurnir vilja að eldri kynslóðir skilji þá og þeir vilja sýna þeim kurteisi.

Viðmælendur rannsóknar Hönnu Óladóttur (2017, bls. 205-206) tengja ritmál fyrst og fremst við próf og ritgerðir í skólanum og segjast nota alls ekki slettur í rituðu máli. Nokkrir nemendur nefndu orðið „skilurðu“, að þeir noti það orð mjög oft í talmáli en þeir myndu ekki nota það í ritmáli. Þeir reyna að nota formlegt mál í ritun í skólanum. Ritun á netinu getur þó verið mismunandi eftir aðstæðum, skilaboð á milli vina eru yfirleitt óformlegri en texti sem margir geta séð. Nokkrir nemendurnir ræddu á milli sín að þeir vandi mál sitt vel og reyni að vera fullorðinslegir þegar þeir rífast við einhvern á netinu, vegna þess að hinn aðilinn getur notað það gegn þeim ef þeir segja eitthvað vitlaust. Þetta er mjög áhugavert og sýnir að fólk ber almennt meiri virðingu fyrir fólki með vandað og formlegt málfar.

Eins og margir vita er orðið „sorrý“ mjög algengt á Íslandi og sérstaklega hjá unglingum. Þessi umræða kom upp hjá nemendum í rannsókn Hönnu Óladóttur (2017, bls. 207-208) þar sem þeir töluðu um að nota bæði „sorrý“ og „fyrirgefðu“. Nemendurnir töluðu um að það fari eftir aðstæðum hvort orðið þeir noti. Nemendurnir voru flestir sammála því

að „fyrirgefðu“ væri stærra og alvarlegra orð en „sorrý“. Þeir voru einnig sammála um að þeir segja „fyrirgefðu“ við gamalt fólk. Nemendur myntust á að þeir eigi stundum erfitt með að skilja eldri kynslóðirnar, orðin eigi það til að vera gamaldags. Einum nemanda fannst fyndið þegar annar nemandi notaði orðið „sparkvöllur“ í staðinn fyrir „fótboltavöllur“, þetta orð finnst honum vera gamaldags og sagði að afi hans myndi nota þetta orð. Þetta er einnig mjög áhugavert, þetta gefur til kynna að unglingum finnst hallærislegt að nota gamaldags mál þegar þeir tala við hvern annan.

Nemendurnir í rannsókn Hönnu (2017, bls. 208-209) tala svo um að ekki allir unglingar tali eins. Sumir nota meiri enskuslettur en aðrir, sumir nota mikið af hikorðum og aðrir nemendur nota orð sem ekki allir skilja. Einn nemandi lýsir því þannig að sumir noti stór orð sem eru gömul og ekkert notuð, hann kallar þessi orð „ömmuorð“. Orðaforði nemenda virðist vera mjög misjafn. Tveir nemendur hafa ólíkar skoðanir á því hvernig kennari þeirra talar. Annar nemandinn segir að kennarinn tali forníslensku en hinn nemandinn er ekki sammála því, hann segir að kennarinn tali ekki forníslensku heldur tali bara gott mál. Fyrri nemandinn hefur lítið sjálfstraust í málfræði en seinni nemandinn hefur áhuga á málfræði og gengur vel í henni. Af öllum nemendunum virtust fleiri vera á þeirri skoðun að kennarinn tali forníslensku.

Í lokin unnu nemendurnir í rannsókn Hönnu (2017, bls. 209) verkefni sem gekk út á að finna slæmt málfar í fjölmiðlum eftir að hafa fengið kennslu á vönduðu og óvönduðu málfari. Nemendurnir áttu erfitt með að sjá augljósar málvillur og bentu á gamaldags málfar sem vont málfar. Hanna spyr kennara nemendanna hvort hún telji að niðurstöðurnar hefðu verið öðruvísi ef nemendurnir hefðu verið beðnir um að finna rangt mál eða málvillur. Kennarinn var ekki svo viss um það, nemendurnir bentu aðallega á formlegt mál sem vont mál á meðan kennararnir voru að huga að þágufallsýki og þess háttar.

3 Viðhorf barna- og unglunga til íslensku og ensku

Að missa tökin á íslenskunni veldur mörgum Íslendingum áhyggjum. Hætta er á því að íslenska missi ákveðin notkunarsvið til enskunnar – annað hvort vegna þess að fólk kjósi að nota fremur ensku, eða vegna þess að fólk neyðist til þess vegna þess að íslenska er ekki í boði. Aukin enskunotkun getur leitt til þess að börn- og unglingar á Íslandi beri minni virðingu fyrir móðurmálinu. Í þessum kafla verður því fjallað um viðhorf barna- og unglunga til íslensku í þessum kafla, viðhorfið skiptir gríðarlegu máli og framtíð íslenskunnar veltir að mörgu leyti á viðhorfinu.

3.1 Viðhorf til íslensku

Íslendingar hafa að mestu leyti haft gott viðhorf til móðurmálsins í gegnum tíðina. Margir tala um að móðurmálið sé menningararfur Íslendinga og oft er sagt að það geri okkur að þjóð. Móðurmálið hefur lengi verið stolt Íslendinga og verið nokkurs konar tákn sem greinir Íslendinga frá öðrum þjóðum. Sjálfstæðisbarátta Íslendinga hafði áhrif á viðhorf þeirra til tungumálsins, á þeim tíma sem íslenska varð tákn þess að Íslendingar væru sérstök þjóð og ríki. Íslendingar báru meiri virðingu fyrir íslenskunni og vildu varðveita tungumálið til að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar (Ásta Svavarsdóttir og Veturliði Óskarsson, 2009). Þetta viðhorf virðist þó hafa breyst hjá ungu kynslóðinni sem virðist bera minni virðingu fyrir íslenskunni.

Mikilvægt er að börn- og unglingar beri virðingu fyrir móðurmálinu og hafi gott viðhorf til íslensku. Enska getur verið hentugri þar sem hún er alþjóðatungumál. Það er auðveldara að nálgast hana í tækniheiminum og annars staðar. Þetta hefur eflaust áhrif á viðhorf barna- og unglunga til íslenskunnar. Í þessum kafla verður farið yfir rannsóknir sem hafa verið gerðar á viðhorfi barna- og unglunga til íslensku.

Hanna Óladóttir (2007, bls. 115-116) gerði viðtalsrannsókn á viðhorfi unglunga til tungumálsins. Mikill meirihluti viðmælendanna eru sammála því að tungumálið væri helsta sérkenni og þjóðareinkenni Íslendinga. Fjórir viðmælendur af 24 voru hinsvegar ekki sammála þessu. Tveir af þeim viðmælendum sem voru ósammála þessu telja að gildi íslenskunnar sé að minnka samfara minnkandi vægi þjóðernis.

Ólöf Björk Sigurðardóttir (2020) gerði rannsókn á viðhorfi barna til íslensku og notaði rannsókn eftir Berglindi Hrönn Einarsdóttur (2019) til samanburðar. Ólöf tók viðtöl við 30 nemendur á aldrinum 6-12 ára í sambandi við viðhorf þeirra til íslensku. Ólöf spurði nemendurna hvort þeim finnst þeir vera góðir í íslensku, 26 af 30 eða tæp 85% nemendanna

svöruðu spurningunni jákvætt. Til samanburðar svöruðu 45 af 48 eða tæp 90% 13–16 ára unglinga í rannsókn Berglindar Hrannar Einarsdóttur (2019) sömu spurningunni jákvætt. Börnin skýrðu flest mál sitt ekki frekar við þessari spurningu, en einn viðmælandi aldurshópi 8–9 ára tengdi hæfni sína við skólann, sérstaklega þyngd bóka í skólanum (Ólöf Björk Sigurðardóttir, 2020, bls. 57).

Næst voru nemendurnir spurðir hvort þá langi að verða betri í íslensku, 22 af 30 svöruðu spurningunni jákvætt, eða tæp 76%. Það er áhugavert að þrátt fyrir að 85% nemendanna teldu sig góða eða ágæta í íslensku var meirihluti þeirra sammála því að þeir vildu verða betri í íslensku. Einungis 11 nemendur gáfu skýringu á svari sínu við þessari spurningu. Algengasta skýringin var að þeir vildu bæta sig í málfræði og var iðulega tengd við skólastarfi, sérstaklega orðflokkgreiningu. Þrátt fyrir að meirihluti nemendanna vilji bæta sig í málfræði virðist það ekki tengjast því að tjá sig á tungumálinu, Fremur að bæta sig í málfræðiverkefnum sem sett eru fyrir í skólanum (Ólöf Björk Sigurðardóttir, 2020, bls. 58-59).

Skólastarf virðist hafa mikil áhrif á viðhorf nemendanna til hæfni þeirra í íslensku, bæði í rannsókn Ólafar Bjarkar Sigurðardóttur (2020, bls. 59) og Berglindar Hrannar Einarsdóttur (2019, bls. 72). Nokkrir viðmælendur Ólafar töluðu um að vilja bæta orðaforðann. Einum viðmælanda fannst sérstaklega mikilvægt að auka íslenska orðaforða sinn til að koma í veg fyrir að neyðast til að nota ensk orð. Annar viðmælandi var sammála þessu og sagðist stundum eiga auðveldara með að muna ensk orð en íslensk. Annar viðmælandi Ólafar taldi sig alltaf geta orðið betri í íslensku og að allir ættu að hafa metnað til að sífellt bæta íslensku sína. Börnin voru þó ekki öll sammála þessu. Sum þeirra töldu sig nógu góð í íslensku og þurfa ekki að bæta hana neitt frekar eða að það væri tilgangslaust að reyna bæta sig í íslensku.

Margir nemendur í rannsókn Ólafar Bjarkar Sigurðardóttur (2020, bls. 62-64) líta á tungumálið sem sameign þeirra sem lifa og fæðast á Íslandi, að hún sé mikilvægt samskiptatæki og nauðsynlegt að innflytjendur læri íslensku ætli þeir sér að búa hér. Nemendurnir telja íslenskuna mikilvæga fyrir fólk sem hefur hana að móðurmáli ásamt öðrum sem kjósa að setjast hér að. Börnin í aldurshópnum frá 6-12 ára telja íslensku enn vera ríkjandi samskiptamál á Íslandi. Reynsluheimur barna á þessum aldri er vissulega takmarkaður og viðhorf þeirra getur mögulega breyst með aldrinum. Í rannsókn Ólafar og Berglindar Hrannar Einarsdóttur (2019, bls. 88) minntust nemendurnir á mikilvægi þess að tala góða og skýra íslensku til að eiga í samskiptum við eldra fólk.

Einn viðmælandi í rannsókn Ólafar Bjarkar Sigurðardóttur (2020, bls. 65-66) gaf upp þrjár ástæður þess að gott sé að tala góða íslensku. Sú fyrsta er til að fá virðingu frá fólki, sérstaklega eldri kynslóðum. Önnur ástæðan er sú að vernda tungumálið okkar. Honum finnst mjög merkilegt að íslenska sé enn að miklu leyti lík því tungumáli sem talað var hér á landi við landnám. Þriðja og síðasta ástæðan sem hann nefndi er til að auka félagslegt auðmagn. Meðal þeirra 30 viðmælenda sem Ólöf talaði við, virðist það skipta þá máli að tala góða íslensku til að öðlast félagslegt auðmagn og samfélagslega virðingu.

Næsta spurning í rannsókn Ólafar Bjarkar Sigurðardóttur (2020, bls. 66) er *Reynir þú stundum að vanda þig þegar þú talar?* 19 af 30 eða tæp 65% nemendanna svöruðu spurningunni jákvætt. 70% barnanna viðurkenndu að þau vanda mál sitt í ákveðnum aðstæðum. Nemendurnir nefndu mikilvægi þess að nota viðurkennda málfræði, hafa góðan íslenskan orðaforða og að nota ekki enskar slettur.

Síðasta spurningin í rannsókn Ólafar Bjarkar Sigurðardóttur (2020, bls. 70) er *Tekur þú einhvern tímann eftir einhverju sérstöku þegar aðrir tala?* sem fjallar um viðhorf barnanna til þess hvernig aðrir tala. 14 nemendur svöruðu þessari spurningu játandi. Meirihluti nemendanna leiðréttu ekki aðra, en nokkrir telja mikilvægt að leiðréttu aðra til að stuðla að bættri málnotkun þeirra.

3.2 Samantekt

Unga kynslóðin virðist bera minni virðingu fyrir íslenskunni en eldri kynslóðin, en viðhorfið virðist þó ekki vera eins slæmt og margir óttast miðað við niðurstöðurnar hér að ofan. Rannsókn Hönnu sýnir okkur að meirihluti unglinga lítur á móðurmálið okkar sem helsta sérkenni og þjóðareinkenni Íslendinga. Örfáir nemendur eru ósammála þessari staðreynd og telja að gildi móðurmálsins fari minnkandi.

Meirihluti nemenda í rannsóknnum Ólafar og Berglindar telja sig góða í íslensku og hafa áhuga á því að bæta sig í íslensku. Spurning er þó hvort þetta sé í raun viðhorf þeirra til móðurmálsins þar sem nemendurnir tengdu bæði hæfni sína í íslensku og viljann til að bæta sig við skólann. Nemendurnir töluðu um að hafa áhuga á því að bæta sig í málfræði, sérstaklega í orðflokkgreiningu. Í niðurstöðukafla úr vefkönnun telja viðmælendur sig einnig góða í íslensku og hafa flestir áhuga á að bæta íslenskukunnáttu sína.

Nokkrir nemendur minnst þó á að þeir vilja bæta sig í íslensku til að minnka enskunotkun, sem gefur til kynna að þeir vilji ekki skipta íslenskunni út fyrir ensku. Eins og

kom fram í kaflanum um málsniðsbreytingar, virðast nemendur vilja vanda málfar sitt við ákveðnar aðstæður og tala mikið um að reyna að sleppa enskuslettum. Nokkrir nemendur tala um að auðveldara sé að muna ensk orð en íslensk sem sýnir okkur að tæknin hefur gríðarleg áhrif á tungumálið. Því miður telja nokkrir nemendur í rannsókninni það tilgangslaust að bæta sig í íslensku en þessir nemendur voru þó í minnihluta.

Nemendurnir sem tóku þátt í rannsókn Ólafar og Berglindar hafa almennt jákvætt viðhorf til íslensku, meirihluti þeirra lítur á móðurmálið sem sameign Íslendinga og mikilvægt samskiptatæki. Þeim finnst flestum nauðsynlegt að innflytjendur læri íslensku ef þeir ætla sér að búa hér. Þetta er mjög áhugavert og sýnir að virðing unglínganna til íslensku er ekki svo slæm að þeir kjósi ensku fram yfir íslensku.

Algennt er að nemendur tengi vandaða íslensku við virðingu, sérstaklega frá eldri kynslóðum. Þeim virðist þykja vænt um móðurmálið og líta á það sem menningararf að einhverju leyti. Flestir virðast ekki vilja valda eldri kynslóðum vonbrigðum með því að sletta mikið eða tala „vitlaust“. Margir þeirra tala um mikilvægi þess að vernda móðurmálið og að það sé merkilegt hversu lítið tungumálið hafi breyst frá landnámi. Samkvæmt niðurstöðum úr kaflanum um viðhorf til íslensku og kaflanum um málsniðsbreytingar líta flestir nemendur á gott málfar sem félagslegt auðmagn. Að fólk sem hefur góðan orðaforða og notar viðurkennt mál fái ákveðna viðurkenningu. Meirihluti nemendanna nefndu að þeir leiðrétti ekki aðra eins og fjallað var um í kafla 2.3.

Þar sem nemendur virðast tengja íslensku við skólustarf bendir það til þess að þörf sé á því að breyta viðhorfi þeirra að einhverju leyti og gera það jákvæðara. Eiríkur Rögnvaldsson (2020b) fjallar um mikilvægi þess að þjálfarar nemendur í að leika sér með málið, átta sig á fjölbreytileik- og sköpunarmátt þess. Ef við leggjum of mikla áherslu á viðurkennt mál, getur það leitt til þess að viðhorf þeirra til íslensku versni.

3.3 Viðhorf til ensku

Alveg eins og með viðhorf til íslensku, þá skiptir viðhorf til ensku einnig miklu máli. Ljóst er að með aukinni tækni er enskt málareiti mikið nú til dags sem veldur því hjá yngri kynslóðinni að ensku orðin eru þeim tamari en íslensk. Einnig getur það verið hentugra að nota ensku, til dæmis til að leita að upplýsingum á netinu. Fjallað var um í síðasta kafla að unglíngar nota stundum ensk orð þegar þeir muna ekki íslenska orðið, en þeir virðast þó reyna fremur að nota íslensk orð, að minnsta kosti þegar þeir tala við eldri kynslóðir.

Eins og kom fram í kaflanum um viðhorf til íslensku gerði Ólöf Björk Sigurðardóttir (2020) rannsókn þar sem hún tók viðtal við nemendur um viðhorf þeirra til íslensku. Fjallað verður um viðhorf til ensku í þessum kafla. Einnig verður fjallað um sömu rannsókn Ólafar og í kaflanum fyrir ofan, í þetta sinn um viðhorf til ensku. Yngsti aldurshópurinn frá 3-5 ára var ekki með í rannsókninni um viðhorf til íslensku, en hann er með í rannsókninni um viðhorf til ensku því eru nemendurnir 40 í rannsókn Ólafar.

Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson (2018) könnuðu viðhorf barna á aldrinum 3 – 12 ára til ensku með því að spyrja börnin hvort þau hafi áhuga á ensku og sækist eftir að nota enskukunnáttu sína. Niðurstöðurnar sýndu að áhuginn er gríðarlega mikill og eykst með aldrinum. Áhuginn var mikill á meðal 43% barna á aldrinum 3-5 ára en fór upp í 70% hjá 10-12 ára börnum. Börnunum þykir enska spennandi og hafa jákvætt viðhorf til hennar.

Ólöf Björk Sigurðardóttir (2020, bls. 75-77) byrjaði á því að spyrja nemendurna hvort þeir kunni einhverja ensku og hvort þeir væru góðir í ensku. 34 nemendur af 40 svöruðu fyrri spurningunni játandi, sem gerir 95% nemendanna. Einungis tveir nemendur svöruðu spurningunni neitandi, báðir úr yngsta aldurshópnum. Nemendurnir sem svöruðu spurningunni játandi voru spurðir hvaðan þeir lærðu ensku. Einn viðmælandi sagðist hafa lært ensku úr spjaldtölvunni sinni, nokkrir töldu sig alltaf hafa kunnað ensku. Aðrir lærðu ensku í leikskólanum eða skólanum og fleira. Um það bil 90% barnanna töldu sig vera góð eða ágæt í ensku.

Næst voru 30 nemendur spurðir hvort þeir vilji bæta sig í ensku og 27 svöruðu spurningunni játandi. Niðurstöðurnar eru mjög svipaðar og í kaflanum um viðhorf til íslenskunnar, en ástæðurnar voru þó ólíkar. Nemendurnir vildu helst bæta sig í íslensku í tengslum við skólastarf, málfræði og orðaforða. Algengast var að nemendurnir vildu bæta sig í ensku til að geta átt í samskiptum við enska eða erlenda vini. Einnig töldu nemendurnir það gagnlegt að kunna ensku til að geta bjargað sér í ferðalögum (Ólöf Björk Sigurðardóttir, 2020: 78).

Einn nemandi í rannsókn Ólafar Bjarkar Sigurðardóttur (2020, bls. 79-80) nefndi nokkuð sérstaka ástæðu fyrir því að gott sé að kunna ensku sem er að geta talað við foreldra sína og jafnaldrar fyrir framan yngri systkini sín án þess að þau skilji. Annar viðmælandi vill læra ensku til að skilja foreldra sína þegar þau tala ensku. Aðrir nemendur vilja læra ensku til að skilja sjónvarpsefni eða vegna þess að þeim finnst gaman að læra tungumál og bæta

þekkingu sína. Meirihluti barnanna hefur jákvætt viðhorf gagnvart ensku. Það var þó einn nemandi sem var ekki hrifinn af ensku. Aðrir nemendur vildu ekki bæta sig í ensku töldu sig ekki þurfa á því að halda vegna þess að hæfni þeirra í ensku er nægilega góð til að eiga í samskiptum við aðra.

Nemendurnir voru spurðir hvort gott væri að kunna ensku og 33 nemendur af 36 svöruðu spurningunni játandi. 22 nemendur töldu gott að kunna ensku til að eiga samskipti við aðra, 11 fyrir ferðalög, tveir fyrir alþjóðamál, tveir vegna þess að það er gaman að læra tungumál og einn vegna tölvu- og samfélagsmiðla. Samskipti eru algengasta ástæðan fyrir því að nemendurnir telja gott að kunna ensku (Ólöf Björk Sigurðardóttir, 2020, bls. 80).

3.4 Samantekt

Ljóst er að börn og unglingar hafa mikinn áhuga á ensku, sem er mjög skiljanlegt þar sem sjónvarpsefni og önnur tækni fer að mesu leyti fram á ensku. Áhuginn eykst með aldrinum sem kemur ekki á óvart því þegar börn eldast hafa þau víðari skilning á því að enska er alþjóðartungumál sem gerir hana nothæfa. Eins og kom fram í kaflanum um aukna enskunotkun hefur fólk áhuga á því að læra ensku til að geta talað við fólk af erlendum uppruna, hvort sem það hefur ensku að móðurmáli eða ekki. Því eldri sem börn verða því betri skilning hafa þau á þessu.

Eins og í kaflanum um viðhorf til íslensku telja flestir nemendur sig hafa góða hæfni í ensku. Þeir virðast þó ekki tengja hæfni sína í ensku við skólann eins og í íslensku.

Nemendurnir töluðu um að hafa lært ensku í spjaldtölvunni sinni og þess háttar en ekki í skólanum. Meirihluti nemendanna vildi einnig bæta sig í ensku líkt og í íslensku, en tengdu það ekki við skólastarf eins og í íslenskunni. Ástæðurnar voru samskipti við erlenda vini, til að geta bjargað sér í ferðalögum, til að spila tölvuleiki, til að skilja sjónvarpsefni og fleira.

Viðhorf nemendanna til ensku er almennt gott, en það virðist þó ekki vera komið á þann stað að viðhorfið þeirra sé betra til ensku en íslensku.

4 Viðhorf barna- og unglunga til íslensku og ensku: Niðurstöður vefkönnunar

Í þessum kafla verður fjallað um niðurstöður rannsóknar sem var framkvæmd í formi vefkönnunar. Markmið rannsóknarinnar er kanna viðhorf barna- og unglunga á Íslandi til íslensku og ensku í tengslum við aukna enskunotkun og stafrænt ílag.

4.1 Aðferð og þátttakendur

Notast var við meginlega rannsóknaraðferð við vinnslu verkefnisins. Meginleg rannsóknaraðferð er notuð til þess að safna tölulegum upplýsingum sem hægt er að yfirfæra á stærra þýði (Höskuldur Þráinsson o.fl., 2013b, bls. 49). Notast var við meginlega rannsóknaraðferð í formi vefkönnunar fyrir börn- og unglunga. Ekki er hægt að alhæfa um stærra þýði út frá niðurstöðum sem eru fengnar með könnuninni.

Þátttakendur rannsóknarinnar eru 10 nemendur á aldrinum 12 – 17 ára með nokkuð fjölbreyttan bakgrunn. Foreldrar þátttakendanna voru viðstaddir á meðan þeir svöruðu könnuninni. Viðmælendur verða ekki nafngreindir eftir svörum sökum trúnaðar.

4.2 Mælitæki og framkvæmd

Í rannsókninni var notast við spurningalista sem samanstóð af 24 spurningum. Spurningarnar voru ætlaðar til þess að afla upplýsinga um viðhorf til íslensku og ensku, tungumálanotkun almennt og að daglegum athöfnum eins og lestri, snjalltækjanotkun o.fl. Spurningarnar voru valdar með því markmiði að kanna þekkingu og viðhorf viðmælenda til íslensku og ensku ásamt því að gefa vísbendingu um áhrif snjalltækjanotkunar á ílag þeirra. Rannsóknin fór fram í formi vefkönnunar. Spurningarnar voru lokaðar. Spurningalistann má finna í viðauka A á síðu 41 og 42.

Viðmælendurnir svöruðu könnuninni á tímabilinu 18. júlí 2022 – 8. ágúst 2022. Lengd könnunarinnar var á bilinu 5 – 15 mínútur. Höfundur rannsóknarinnar safnaði gögnum úr könnuninni á stafrænan hátt með leyfi viðmælenda og foreldra þeirra til að gera úrvinnslu og varðveislu upplýsinga hagkvæma. Niðurstöður voru svo yfirfarnar og hreinskrifaðar inn í ritvinnsluforritið Word. Niðurstöður voru því næst settar fram á rituðu máli í niðurstöðukafla verkefnisins þar sem þær voru greindar og túlkaðar. Viðmælendur fengu kynningu á tilgangi verkefnisins ásamt því að þeim var heitið fullum trúnaði við vinnslu verkefnisins.

4.3 Niðurstöður

Ritgerðin fjallar um viðhorf barna- og unglinga á Íslandi til íslensku og ensku og var henni ætlað að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum: „Hver eru viðhorf barna- og unglinga til íslensku og ensku og hvaða áhrif hefur það á málnotkun þeirra?“

Fyrstu spurningarnar voru valdar til að kanna bakgrunn og daglegar athafnir viðmælendanna og foreldra þeirra. Byrjað var á því að kanna aldur viðmælendanna, þrjú viðmælendur eru 12 ára, tveir 13 ára, einn 15 ára, tveir 16 ára og tveir 17 ára. Næst voru þeir spurðir um kyn og þrjú svöruðu kvenkyns og sjö karlkyns. Næst voru þeir spurðir út í móðurmál sitt og foreldra þeirra. Allir viðmælendur eru með íslensku sem móðurmál. Foreldrar allra viðmælendanna eru einnig með íslensku sem móðurmál en annað foreldri eins viðmælenda er með tælensku sem móðurmál. Þeir voru einnig spurðir hvort þeir tali önnur tungumál en móðurmálið sitt og átta svöruðu enska, einn svaraði norska og einn sænska.

Í næstu spurningu eru svarmöguleikarnir á skalanum 1 – 5 þar sem 1 = er mjög leiðinlegt og 5 = mjög skemmtilegt. Spurningin er „Hversu skemmtilegt finnst þér að lesa?“ Tveir svöruðu 1, tveir 2, þrjú 3, tveir 4 og einn 5. Meirihluti virðist ekki hafa gaman af lestri miðað við þessar niðurstöður. Næstu spurningar voru valdar til að kanna snjalltækjanotkun viðmælendanna þar sem áhugavert er að sjá hvort viðmælendur sem nota snjalltæki mikið hafi minni áhuga á lestri en þeir viðmælendur sem nota snjalltæki sjaldnar. Niðurstöðurnar úr spurningunni „Hversu mörgum klukkustundum eyðir þú í snjalltæki á dag?“ eru þær að einn svaraði 0 – 3 klst, sjö 4 – 6 klst og tveir 7 – 9 klst. Viðmælandinn sem hefur mjög gaman (5 af 5) af lestri eyðir um það bil 4 – 6 klst í snjalltæki á dag. Viðmælandinn sem eyðir einungis 0 – 3 klst á dag í snjalltæki hefur ekki gaman af lestri (2 af 5).

Næstu tvær spurningar tengjast viðhorfi viðmælendanna til íslensku og ensku. Þeir voru spurðir hversu skemmtilegt þeim finnst í íslensku- og enskukennslu í skólanum. Svarmöguleikarnir við spurningunum eru á skalanum 1 – 5 eins og hér að ofan. Miðað við þessar niðurstöður virðast viðmælendurnir almennt kunna betur við enskukennslu sem sést á töflu 1 og 2.

Svar	Fjöldi
1 = Mjög leiðinlegt	0
2	0
3	5
4	3
5 = Mjög skemmtilegt	2
Samtals	10

Tafla 1. Hversu skemmtilegt finnst þér í enskukennslu í skólanum?

Svar	Fjöldi
1 = Mjög leiðinlegt	0
2	4
3	5
4	1
5 = Mjög skemmtilegt	0
Samtals	10

Tafla 2. Hversu skemmtilegt finnst þér í íslenskukennslu í skólanum?

Næstu spurningar tengjast einnig viðhorfi viðmælendanna. Fyrsta spurningin er „*Finnst þér mikilvægt að vernda íslenskuna?*“ sem allir viðmælendurnir svöruðu játandi. Næst voru þeir spurðir hvort þeir telji að íslenskan sé í hættu þar sem helmingur svaraði játandi og helmingur neitandi. Svo voru þeir spurðir hvort þeim finnst mikilvægt að tala viðurkennda íslensku. Tveir svöruðu neitandi og átta játandi. Svo voru viðmælendur spurðir hvort þeir hafi verið leiðréttir fyrir málfar sem allir nema einn svöruðu því játandi. Næsta spurning var hvort þeir hafi leiðrétt aðra fyrir málfar. Eins og í fyrri spurningunni svöruðu allir nema einn játandi.

Viðmælendur voru svo spurðir út í tungumálakunnáttu þeirra. Þeir voru spurðir hvort þeir telji sig hafa jafn góða kunnáttu í íslensku- og enskukunnátta eða betri í íslensku eða ensku. Svörin eru fremur jöfn, fjórir telja sig jafn góða í íslensku og ensku, þrír telja sig betri í íslensku og þrír telja sig betri í ensku eins og má sjá á töflu 3.

Svar	Fjöldi
Já, jafn góð	4
Nei, íslenskukunnátta mín er betri	3
Nei, enskukunnátta mín er betri	3

Samtals	10
----------------	-----------

Tafla 3. Finnst þér íslensku- og enskukunnátta þín jafn góð?

Viðmælendurnir voru einnig spurðir hvort þeir vilji bæta íslensku- eða enskukunnáttu sína. Meirihlutinn vill bæta bæði íslensku- og enskukunnáttu sína. Tveir vilja bæta íslensku kunnáttu sína, enginn vill einungis bæta enskukunnáttu sína og tveir vilja hvorki bæta íslensku- né enskukunnáttu sína. Svör viðmælenda má finna á töflu 4.

Svar	Fjöldi
Já, bæði íslensku- og enskukunnáttu mína	6
Bara íslenskukunnáttu mína	2
Bara enskukunnáttu mína	0
Nei, hvorugt	2
Samtals	10

Tafla 4. Vilt þú bæta íslensku og/eða enskukunnáttu þína?

Næstu tvær spurningar í könnuninni eru: „Hversu mikil áhrif telur þú að samfélagmiðlar, afþreyingarefni, snjalltæki, tölvuleikir og fleira hafi á aukna enskunotkun á Íslandi?“ og „Hversu mikil áhrif telur þú að samfélagsmiðlar, afþreyingarefni, snjalltæki, tölvuleikir og fleira hafi á íslenskt tungumál að öðru leyti en aukin enskunotkun?“ eins og hér að ofan voru svarmöguleikarnir á skalanum 1-5 þar sem 1 = er mjög lítil og 5 = mjög mikil. Sex viðmælendur svöruðu 4 og fjórir 5 í fyrri spurningunni. Í seinni spurningunni svaraði einn 1, tveir 2, fjórir 3 og þrír 4. Samkvæmt þessum niðurstöðum telja viðmælendurnir að samfélagsmiðlar, afþreyingarefni, snjalltæki, tölvuleikir hafi haft mikil áhrif á aukna enskunotkun á Íslandi en ekki mikil áhrif á tungumálið að öðru leyti.

Síðustu spurningarnar sem tengjast viðhorfinu eru „Telur þú að enskunotkun hafi aukist mikið á Íslandi síðustu 10 ár?“ og hvort þeir vandi málfar sitt meira í ákveðnum aðstæðum. Allir viðmælendur svöruðu fyrri spurningunni játandi. Í seinni spurningunni svöruðu átta játandi og tveir neitandi.

Spurningarnar sem eftir eru tengjast enskunotkun viðmælendanna. Fyrst voru þeir spurðir hvort þeir noti enskuslettur, svarmöguleikarnir eru á skalanum 0 – 5 þar sem 0 = aldrei og 5 = mjög oft. Miðað við niðurstöðurnar nota allir viðmælendurnir enskuslettur en meirihlutinn notar ekki mikið af enskuslettum eins og má sjá á töflu 5.

Svar	Fjöldi
0 = Aldrei	0
1	0
2	2
3	5
4	2
5 = Mjög oft	1
Samtals	10

Tafla 5. Notar þú enskuslettur?

Ákveðið var að spyrja viðmælendur hvort þeir tali einhvern tímann ensku við jafnaldra sína sem kunna íslensku. Áhugavert er að skoða hvort börn- og unglingar tali saman á ensku þrátt fyrir að báðir aðilar kunni íslensku og hversu algengt það er. Allir nema þrír viðmælendur segjast tala við jafnaldra sína á ensku en þó ekki oft eins og má sjá á töflu 6.

Svar	Fjöldi
0 = Aldrei	3
1	4
2	1
3	2
4	0
5 = Mjög oft	0
Samtals	10

Tafla 6. Talar þú einhvern tímann ensku við jafnaldra þína sem kunna íslensku?

Síðustu tvær spurningarnar eru „Gleymir þú einhvern tímann íslenskum orðum? Veist til dæmis enska orðið en manst ekki íslenska orðið?“ og „Hugsar þú einhvern tímann á ensku?“. Það kemur fyrir hjá öllum viðmælendum að þeir gleymi íslenska orðinu en muni enska orðið. Það er þó misjafnlega algengt. Ekki allir viðmælendur hugsa einhvern tímann á ensku en það kemur fyrir hjá meirihluta viðmælendanna. Svörin við báðum spurningum má finna á töflu 7 og 8.

Svar	Fjöldi
0 = Aldrei	0
1	1
2	2

3	4
4	2
5 = Mjög oft	1
Samtals	10

Tafla 7. Gleymir þú einhvern tímann íslenskum orðum? Veist til dæmis enska orðið en manst ekki íslenska orðið?

Svar	Fjöldi
0 = Aldrei	2
1	1
2	2
3	3
4	4
5 = Mjög oft	0
Samtals	10

Tafla 8. Hugsar þú einhvern tímann á ensku?

4.4 Umræður

Viðhorf viðmælendanna til íslensku og ensku virðist almennt vera jákvætt. Þeir hafa meira gaman af enskukennslu en íslenskukennslu í skólanum sem kemur ekki á óvart. Eins og kom fram í kafla 3 tengja margir nemendur íslensku við skólastarf, en hið sama virðist ekki gilda um ensku.

Öllum viðmælendunum finnst mikilvægt að vernda íslenskuna og átta af tíu finnst mikilvægt að tala viðurkennda íslensku. Einnig vildu átta af tíu viðmælendum bæta íslenskukunnáttu sína og vanda málfar sitt meira í ákveðnum aðstæðum. Helmingur viðmælendanna telja íslenskuna vera í hættu. Þetta gefur til kynna að viðmælendunum er almennt annt um móðurmálið sitt.

Viðmælendurnir nota snjalltæki nokkuð mikið en ekki eins mikið og við mátti búast. Hið sama gildir um enskunotkun, allir nota enskuslettur og flestir tala ensku við jafnaldra sína sem kunna íslensku. Viðmælendurnir nota mikið af enskuslettum en þeir tala ekki oft við jafnaldra sína á ensku. Algengt er að viðmælendur gleymi íslenskum orðum og hugsu á ensku. Þessar niðurstöður sýna að enskunotkun er algeng en viðhorf viðmælendanna til íslensku virðist þó vera jákvætt.

5 Lokaorð

Tilgangur þessa verkefnis var að skoða viðhorf barna- og unglunga á Íslandi til íslensku og ensku og breytingar á íslensku tungumáli undanfarin ár. Fjallað var um stafrænt málsambýli og áhrif þess á móðurmálið ásamt aukinni enskunotkun á Íslandi. Einnig var farið yfir ólíkt málsnið, breytingar á málfari og málfarsleiðréttingar. Enskt málareiti hefur verið áberandi á Íslandi í mörg ár. Þetta málefni á uppruna sinn að rekja til hernámsáranna. Í kringum 2010 tók snjalltækjabyltingin við og hefur gert ensku að stórum hluta í daglegu lífi margra Íslendinga. Enska er hluti af alþjóðlegum viðskiptum, ferðapjónustu, vísindum og er algengasta tungumálið í tækniheiminum. Langflestir Íslendingar kunna góða ensku og algengt er að heyra enskuslettur í samstæðum milli Íslendinga og er sérstaklega áberandi hjá yngri kynslóðinni. Börn og unglingar eiga það til að tala saman á ensku við ákveðnar aðstæður. Börn á Íslandi verða fyrir enskuáreiti mjög ung og mörg þeirra hafa náð ákveðinni hæfni í ensku áður en þau hefja formlegt nám í henni. Íslensk málvenja og setningagerð hefur tekið ýmsum breytingum á síðustu árum og áratugum. Hin svokallaða þágufallshneigð hefur verið í umræðum í íslensku samfélagi í langan tíma ásamt breytingum á notkun viðtengingarháttar. Eins og bent hefur verið á, eru líkur á því að erlent ílag á kostnað íslenskunnar hraði á slíkum breytingum í íslenskri málnotkun.

Aukin tækni hefur haft gríðarleg áhrif á íslenskt málsambýli og menningu. Tæknin gerir lífið okkar auðveldara að mörgu leyti, við getum talað við fjölskyldu og vini sem eru búsettir eða í ferðalagi erlendis, við getum hringt í hvert annað hvenær sem er, það hefur aldrei verið eins auðvelt að finna afþreyingarefni, þegar við villumst er auðvelt að finna leið okkar og margt fleira. Staðreyndin er hins vegar sú að tæknivæðingin hefur leitt til þess að enskuáreiti er meira en nokkru sinni fyrr og samskipti milli fólks hafa minnkað. Börn, unglingar og fullorðnir lesa, heyra, tala og skrifa ensku reglulega í gegnum snjalltæki, samfélagsmiðla og annað. Það þarf þó ekki að vera neikvætt að öllu leyti. Auðveldara er að læra ný tungumál og aðgangur að ýmsum upplýsingum er mun greiðari í nútímasamfélagi þökk sé aukinni tækni. Loks hefur góð enskukunnátta hefur ýmsa kosti í för með sér, í tengslum við erlend viðskipti og annað.

Viðhorf barna- og unglunga á Íslandi til íslensku og ensku hefur breyst undanfarin ár. Margir telja að orsökina séu vegna tæknivæðingar, en aðrir telja það einnig vera vegna þess að of mikil áhersla er lögð á börn og unglunga að vernda tungumálið og að tala viðurkennt

mál. Eflaust er það sitt lítið af hvoru. Íslenskukennsla getur verið hefðbundin miðað við annað námsefni sem getur leitt til þess að börn og unglingar hafi minni áhuga á henni. Hins vegar er enska ríkjandi mál í stafrænum miðlum, snjalltækjum, sjónvarpi og fleira. Þetta gerir það að verkum að enska getur verið hentugri og nothæfari en íslenska.

Virðing barna- og unglunga gagnvart móðurmálinu virðist vera minni en hún var áður fyrr. Flestir virðast þó telja það mikilvægt að halda í móðurmálið og kunna það vel. Yngri kynslóðin talar mikið um að íslenska sé menningar- og félagslegt auðmagn. Yngri kynslóðin telur það einnig mikilvægt að vanda málfar sitt þegar þær tala við eldri kynslóðir.

Heimildaskrá

- Ari Páll Kristinsson. (2012). Íslensk málhugmyndafræði andspænis hernámi 1940. *Skírnir* 186(Haust), 464-479.
- Ari Páll Kristinsson. (2017). *Málheimar – sitthvað um málstefnu og málnotkun*. Háskólaútgáfan.
- Ari Páll Kristinsson. (2021). Innri breytileiki og málsnið. *Orð Og Tunga*, 23, 1–33.
- Árni Böðvarsson. (1983). Málrækt, bókmenntir og fjölmiðlar: erindi flutt á aðalfundi Hins íslenska bókmenntafélags 11. desember 1983. *Skírnir*, 1983(157), 91-98.
- Árni Einarsson. (1966). Hernámssjónvarp og þjóðarsómi. Þjóðviljinn, 31(65), 5-6.
- Ásta Svavarsdóttir og Veturliði Óskarsson. (2009). Annarleg sprek á ókunnugri strönd. Tökuorð í íslensku fyrr og nú. *Orð og tunga* 11:17-44.
- Bergljót Baldursdóttir. (2021). Íslendingar gætu tapað sérstöðu sinni í ferðapjónustu. *Fréttastofa RÚV*. Sótt af: <https://www.ruv.is/frett/2021/10/30/islendingar-gaetu-tapad-serstodu-sinni-i-ferdathjonustu>
- Berglind Hrönn Einarisdóttir. 2019. *Viðhorf unglinga til íslensku og ensku: Niðurstöður viðtalskönnunar við 48 unglinga á aldrinum 13–16 ára* [Meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Háskóli Íslands.
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2011). Exposure of English in Iceland: A Quantitative and Qualitative Study. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir með viðaukum eftir Sigurð Líndal, „Enska öldin,“ *Saga Íslands V*, bls. 3–216, 1990.
- Dagbjört Guðmundsdóttir. (2018). *Aldursbundin þróun stafræns ílags í málsambýli íslensku og ensku: Kortlagning á umfangi, eðli og áhrifsbreytum* [Meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Hugvísindasvið Háskóla Íslands.
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2016). Um utanaðkomandi aðstæður íslenskrar málþróunar. *Skírnir* 190 (vor): 17-31. Sótt af: <https://notendur.hi.is/eirikur/skirnir.pdf>
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2020a). *Viðeigandi málsnið*. Málfar, málrækt (06.02.2020). Sótt af: <https://uni.hi.is/eirikur/2020/02/06/videigandi-malsnid/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2020b). *Veitum unglingum hlutdeild í íslenskunni*. Málfar (26.08.2020). Sótt af: <https://uni.hi.is/eirikur/2020/08/26/veitum-unglingum-hlutdeild-i-islenskunni/>

- Eiríkur Rögnvaldsson. (2020c). *Þjóðarsátt um „þágufallssýki“*. Málfar, „málvillur“ (06.09.2020). Sótt af: <https://uni.hi.is/eirikur/2020/09/06/thjodarsatt-um-thagufallssyki/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2020d). *Förum varlega í leiðréttingar*. Málfar, málrækt (13.03.2020). Sótt af: <https://uni.hi.is/eirikur/2020/02/13/forum-varlega-i-leidrettingar/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2021). *Hvað er málfar?*. Málfar (06.06.2021). Sótt af: <https://uni.hi.is/eirikur/2021/06/06/hvad-er-malvenja/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2022). *Alls konar íslenska*. Mál og menning.
- Elín Þórsdóttir. (2018). *Áhrif aukinnar enskunotkunar á íslenska málfræði: Breytileiki í háttanotkun og áhrif ílags* [Meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Hugvísindasvið Háskóls Íslands.
- Guðrún Kvaran. (2004). English Influence on the Icelandic Lexicon. *Nordic Journal of English Studies*, 3(2), pp.143–152. DOI: <http://doi.org/10.35360/njes.166>
- Guðrún Þórðardóttir. (2006). Er notkun viðtengingarháttar að breytast?. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 28(1), 57-77.
- Guðrún Þórðardóttir. (2012). *Viðtengingarháttur í sókn: Um breytingar á háttanotkun í spurnarsetningum í nútíð með tengingunni hvort* [Meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands.
- Hanna Óladóttir. (2007). „Ég þarf engin fornrit til að vita að ég er Íslendingur, ég vil samt tala íslensku.“: Um viðhorf Íslendinga til eigin tungumáls. *Ritið: tímarit Hugvísindastofnunar*, 7(1), 107-130. Sótt af: <https://timarit.is/page/6205241#page/n108/mode/2up>
- Hanna Óladóttir. (2010). Breytileiki í máli sem hluti af máluppeldi grunnskólanema: Námskrár, kennslubækur og veruleikinn í kennslustofunni. *Ráðstefnurit Netlu - Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Hanna Óladóttir. (2011). Málfræði handa unglíngum: Lýsandi málfræði og forskriftarmálfræði. *Ráðstefnurit Netlu - Menntakvika 2011*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Hanna Óladóttir. 2017. *Skólamálfraði: Hver er hún og hver ætti hún að vera?*. Hugvísindasvið Háskóls Íslands.
- Helga Hilmisdóttir. (2018). Íslenskt unglíngamál í alþjóðlegu samhengi. *Skírnir* 192 (vor).
- Höskuldur Þráinsson. (2021). *Handbók um málfræði*. Mál og menning.

- Höskuldur Þráinsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. (2013a) Hvert stefnir í íslenskri setningagerð? Um samtímalegar kannanir og málbreytingar. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 35, 57-127.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson, Einar Freyr Sigurðsson, Sigrún Steingrimsdóttir og Þórhallur Eypórsson. (2013b). Efnissöfnun og aðferðafræði. Í Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstjórar), Tilbrigði í íslenskri setningagerð: I. *Markmið, aðferðir og efniviður*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ílter, B. (2015, 3. ágúst). How does Technology Affect Language Learning Process at an Early Age?. *Procedia – Social and Behavioral Sciences*, 199(2015), 311-316. Doi: <https://doi.org/10.1016/j.sbspro.2015.07.552>
- Iris Edda Nowenstein, Dagjört Guðmundsdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir. (2018). Að tileinka sér móðurmál í tæknivæddum heimi. *Skíma*, 41(1), 17-21.
- Íslensk málstefna. 2021. Íslensk málnefnd.
- Kjartan G. Ottósson. (1990). Íslensk málhreinsun: Sögulegt yfirlit. Rit Íslenskrar málnefndar 6. Íslensk málnefnd.
- Kormos, J. og K. Csizér. (2008). Age-related differences in the motivation of learning English as a foreign language: Attitudes, selves and motivated learning behavior. *Language Learning*, 58, 327-355.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*.
- Ólöf Björk Sigurðardóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir. (2020). Viðhorf íslenskra barna til íslensku og ensku: Hvað segja þau um íslensku- og enskukennslu í grunnskólum?. Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2020 – Menntavika 2020. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2020/menntavika_2020/03.pdf. DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.9>
- Ólöf Björk Sigurðardóttir. (2020). *Tungumál og tæknivædd börn: Viðhorf barna til íslensku og ensku og tengsl þeirra við skjá og netnotkun* [Meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Hugvísindasvið Háskóla Íslands.
- Sarangi, I. (2015). *Impact of technology on reading*. Odisha: Ramadevi Women's University.

Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. (2018). Stafrænt sambýli íslensku og ensku.

Netla – veftímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Menntakvika 2018.

Menntavísindasvið Háskóla

Íslands. http://netla.hi.is/serrit/2018/menntakvika_2018/05.pdf DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.29>

Sigríður Sigurjónsdóttir. (2016). *Snjalltækjavæðingin og máltaka íslenskra barna*. Húgrás –

Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands.

Veturliði Óskarsson. (1997). Íslensk málsaga. Úlfar Bragason (ritstj.) *Íslensk málsaga og*

textafræði (bls. 132-143). Stofnun Sigurðar Nordals

Viðauki A

Viðtalsrammi

Rannsókn: Viðhorf unglinga á Íslandi til ensku og íslensku

10 nemendur (7 strákar og 3 stelpur)	Viðtöl við börn- og unglinga á aldrinum 12 – 17 ára. Viðtalsrammi 5 - 16 mín.
	<p>Almennt</p> <ul style="list-style-type: none">▪ Hvað ert þú gamall / gömul? 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, Annað▪ Hvert er kyn þitt? KK, KVK, Annað▪ Hvert er þitt móðurmál? Íslenska, Enska, Spænska, Pólska, Litháenska, Franska, Þýska, Danska, Norska, Sænska, Annað▪ Hver eru móðurmál foreldra þinna? Íslenska, Enska, Spænska, Pólska, Litháenska, Franska, Þýska, Danska, Norska, Sænska, Annað▪ Talar þú önnur tungumál en móðurmálið þitt? Ef svo er hvaða tungumál? Íslenska, Enska, Spænska, Pólska, Litháenska, Franska, Þýska, Danska, Norska, Sænska, Annað▪ Hversu skemmtilegt finnst þér að lesa? 1-5 = 1: <i>Mjög leiðinlegt</i>, 5: <i>Mjög skemmtilegt</i>▪ Hversu mörgum klukkustundum eyðir þú í snjalltæki á dag? 0 – 3, 4 – 6, 7 – 9, 10 – 12, 13 – 15, 15+
	<p>Viðhorf</p> <ul style="list-style-type: none">▪ Hversu skemmtilegt finnst þér í íslenskukennslu í skólanun? 1-5 = 1: <i>Mjög leiðinlegt</i>, 5: <i>Mjög skemmtilegt</i>▪ Hversu skemmtilegt finnst þér í enskukennslu í skólanun? 1-5 = 1: <i>Mjög leiðinlegt</i>, 5: <i>Mjög skemmtilegt</i>▪ Finnst þér mikilvægt að vernda íslenskuna? Já, Nei▪ Telur þú að íslenskan sé í hættu? Já, Nei▪ Finnst þér mikilvægt að tala viðurkennda íslensku? Já, Nei

	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Hefur þú verið leiðrétt/ur fyrir málfar? Já, Nei ▪ Hefur þú leiðrétt aðra fyrir málfar? Já, Nei ▪ Finnst þér ensku- og íslenskukunnátta þín jafn góð? Já, jafn góð Íslenskukunnátta mín er betri Enskukunnátta mín er betri
	<p>Samfélagsmiðlar, enskunotkun og málnotkun</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Hversu mikil áhrif telur þú að samfélagsmiðlar, afþreyingarefni, snjalltæki, tölvuleikir og hafi á aukna enskunotkun á Íslandi? <i>1-5 = 1: Mjög lítil, 5: Mjög mikil</i> ▪ Hversu mikil áhrif telur þú að samfélagsmiðlar, afþreyingarefni, snjalltæki, tölvuleikir og fleira hafi á íslenskt tungumál að öðru leyti en aukin enskunotkun? <i>1-5 = 1: Mjög lítil, 5: Mjög mikil</i> ▪ Telur þú að enskunotkun hafi aukist mikið á Íslandi síðustu 10 ár? Já, Nei ▪ Vandar þú málfar þitt meira í ákveðnum aðstæðum? Já, Nei ▪ Notar þú enskuslettur? <i>0-5 = 0: Aldrei, 5: Mjög oft</i> ▪ Talar þú einhvern tímann ensku við jafnaldra þína sem kunna íslensku? <i>0-5 = 0: Aldrei, 5: Mjög oft</i> ▪ Gleymir þú einhvern tímann íslenskum orðum? Veist til dæmis enska orðið en mans ekki íslenska orðið? <i>0-5 = 0: Aldrei, 5: Mjög oft</i> ▪ Hugsar þú einhvern tímann á ensku? <i>0-5 = 0: Aldrei, 5: Mjög oft</i>